

## Fundargerð stjórnar foreldrafélags Urriðaholtsskóla

Fundur haldinn þann 2. október kl.19:30 í Urriðaholtsskóla.

Mættir: Þorgerður Anna Arnardóttir, Vigdís Lea Birgisdóttir, Ellen María Sveinbjörnsdóttir, Helgi Magnússon, Þórunn Brynja Magnúsdóttir og Íris Ósk Ólafsdóttir.

1. Vigdís Lea var kjörin formaður á stofnfundi félagsins þann 6. september. Ákvörðun um skipan annarra foreldrafélagsmeðlima tekin. Ellen María mun taka að sér stöðu gjaldkera, Íris Ósk stöðu ritara og Helgi stöðu varaformanns.
2. Farið yfir drög að lögum foreldrafélags Urriðaholtsskóla. Stjórnin mun í sameiningu yfirfara lögina. Þegar því líkur verður sendur tölvupóstur til foreldra að drög af lögum foreldrafélags Urriðaholtsskóla hafi verið samþykkt. Lögina verða lögð fyrir á næsta aðalfundi foreldrafélagsins til endanlegrar samþykktar.
3. Gjaldtaka foreldrafélagsgjalds rædd. Ákvörðun tekin um að greiðsluseðill verði sendur í upphafi hverrar annar að upphæð 2.000 kr. Frá því að skólinn tók til starfa hafa foreldrar leikskólabarna greitt 650 kr. mánaðarlega í foreldrafélagsgjald. Þeirri innheimtu verður nú hætt og verður sú upphæð stofnsjóður félagsins. Gjaldkeri mun sjá um að stofna kennitölu og bankareikning við fyrsta tækifæri.
4. Hugmyndum að viðburðum fyrir skólaárið varpað fram, m.a. vorhátíð, sveitaferð, leiksýning/ar og fyrirlestrar fyrir foreldra.
5. Óskað mun verða eftir tveimur fulltrúum fyrir hvert heimasvæði.